

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Þóru M. Hjaltsted frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Með frumvarpinu er lögð til breyting á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki um endurskipulagningu fjárhags, slit og samruna fjármálafyrirtækja. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá embætti sérstaks saksóknara, Fjármálaeftirlitinu, ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði.

Í 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem ber heitið Ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis o.fl., er í 4. mgr. mælt fyrir um að ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu megi krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti. Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 4. mgr. 103. gr. í þá veru að frestur til að höfða riftunarmál skuli vera 24 mánuðir í stað sex mánaða. Er um að ræða viðbót við þær sérreglur sem þegar gilda um fjármálafyrirtæki skv. XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki en á ekki við um gjaldþrotaskiptalög-in sbr. ummæli í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fylgir frumvarpinu.

Heimildir laga um riftun gerninga hafa það að markmiði að gæta jafnræðis kröfuhafa, þ.e. að einstakir kröfuhafar séu ekki betur settir en aðrir vegna ráðstafana fjármálafyrirtækis áður en slitameðferð hefst. Ljóst er að sá frestur sem kveðið er á um í 1. mgr. 148. gr. gjaldþrotalaga er afar stuttur miðað við umfang margra þeirra fjármálafyrirtækja sem eru nú í slitameðferð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum gæti það lengt tímann sem slitameðferð tekur en jafnframt gefst rýmri tími til að vinda ofan af þeim gerningum sem kunna að hafa verið gerðir í aðdraganda falls fjármálafyrirtækjanna. Slíkir gerningar gætu í einhverjum tilvikum farið gegn hagsmunum almennra kröfuhafa.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Eygló Harðardóttir og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 11. des. 2009.

Lilja Mósesdóttir,
form., frsm.

Magnús Orri Schram.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Valgerður Bjarnadóttir.

Margrét Tryggvadóttir.